

# JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 133

Október 2015

## *Fréttabréf*



*Gunnar Hjaltason*

## HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jökklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 27. október kl. 20 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Ágúst Þór Gunnlaugsson: Breytingar í afkomu  
Tungnafellsjökuls: 1960-2013  
Oddur Sigurðsson: Myndasýning frá Skaftár-  
hlaupi í október 2015

## HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 27. október kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Á fundinum fjallar Ágúst Þór Gunnlaugsson um rannsóknir sínar á afkomu Tungnafellsjökuls og Oddur Sigurðsson verður með myndasýningu frá nýyfyrstöðnu Skaftárhlaupi.

### **Breytingar á afkomu Tungnafellsjökuls: 1960-2013**

Tungnafellsjökull á Sprengisandi hefur ekki verið viðfangsefni jökларannsóknna til þessa. Lítið hefur verið vitað um breytingar á jöklinum undanfarna áratugi þar sem ekki hafa farið fram sporðamælingar né afkomumælingar á jöklinum. Erindið mun fjalla um rannsókn á afkomu Tungnafellsjökuls á tímabilinu 1960 til 2013, sem höfundur hefur unnið. Í henni er stuðst við samanburð á hæðarlíkönum sem unnin voru út frá loftmyndum frá mismunandi tímum. Að auki voru framkvæmdar íssjarmælingar vorið 2013 til að fá heildar rúmmál jökulsins.

Ágúst Þór Gunnlaugsson

### **SKAFTÁRHLAUP Í OKTÓBER 2015**

Skaftárhlaupið í byrjun október er stærsta hlaup í Skaftá síðan mælingar hófust. Það braust upp úr og undan jöklinum með miklum látum og má ætla að staðið hafi háir gosbrunnar upp úr öllum svelgjum á jökulsporðinum þegar flóðfaldurinn barst niður eftir jökulbotninum nærri jaðri Skaftárjökuls aðfaranótt fimmtudagsins 1. október. Í könnunarferð á jökulinn sama dag mátti úr nokkurra km fjarlægð frá jöklinum sjá að hlaupið hafði brotist upp úr jöklinum á nokkrum stöðum 2-3 km ofan jaðarsins. Breiðir svartir taumar lágu niður jökulinn þar sem aurblandið hlaupvatnið hafði runnið. Dreif af ísjökum lá niður jökulinn, litlir ísmolar, nokkrir tugir cm að stærð, neðst en upp í 3-5 m háa og allt að 10 m breiða jaka eftir því sem nær dró rásum sem hlaupvatnið hafði runnið upp úr. Farnar voru nokkrar könnunarferðir með flugvélum til

Þess að ljósmynda útbreiðslu hlaupsins og ummerki á jöklinum og verða sýndar nokkrar ljósmyndir úr þessum ferðum. GPS-tæki á íshellu Eystri-Skaftárketils og rennislismælar í Skaftá sýna vel hvernig hlaupið þróaðist og verða jafnframt sýndar nokkrar myndir af mæligögnum úr þessum tækjum.

**Tómas Jóhannesson og Oddur Sigurðsson**

## GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern þriðjudag kl. 18:00. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson, Jósef Hólmjárn og Þóra Karlsdóttir. Dagskráin í vetur og fram á sumarið 2016 er sem segir hér að neðan. Munið ennisljósin!

<u>Dags</u>	<u>Áfangastaður</u>	<u>Brottför</u>
27. okt.	Guðmundarlundur	Vífilsstaðir
10. nóv.	Laugardalur	Áskirkja
24. nóv.	Ellliðaárdalur	Toppstöðin
8. des.	Rauðavatn	Select Vesturlandsv.
22. des.	Varmá Álafoss	Select Vesturlandsv.
5. jan.	Öskjuhlíð	Perlan
19. jan.	Fossvogsdalur	Borgarspítalinn að austan
2. feb.	Grandi Þúfa	Sjóminjasafnið bakatil
16. feb.	Nauthólsvík	Nauthóll
1. mars	Kópavogsdalur	Digraneskirkja
15. mars	Heiðmörk Vífilstaðahlíð	Heiðmerkurhlíð
29. mars	Úlfarsfell	Skógrækt, Hamrahlíð
12. apr.	Hvaleyrarvatn	N1 Hafnarfirði
26. apr.	Garðaholt og Hleinar	Hrafnista Hafnarfirði
10. maí	Dyradalir	Select Vesturlandsv.
24. maí	Straumur	N1 Hafnarfirði
7. júní	Dyradalir	Select Vesturlandsv.
21. júní	Kringum Helgafell	N1 Hafnarfirði

## VORFERÐ JÖRFÍ 29. MAÍ - 13. JÚNÍ 2015

Að þessu sinni var vorferð tvær vikur vegna óvenju margra verkefna í tengslum við ný afstaðið öskjusig í Bárðarbungu, kvikuflæði þaðan í gangi undir Dyngjujökli og eldgos í Holuhrauni.

Í fyrri hluta ferðarinnar voru 18 þátttakendur sem fóru frá Reykjavík síðdegis föstudaginn 29. maí. Allur hópurinn gisti á Vagnstöðum í Suðursveit. Að morgni laugardags var farið á Borgarhafnarheiði. Þar var mikið amstur var við að koma fólki, farangri og um 30 tunnum af eldsneyti frá bílaplani nærri vötnunum að jökulrönd Skálafellsjökuls nærri Sultartungnajökli. Við þetta bras naut hópurinn aðstoðar Bjarna Skarphédins frá Vagnstöðum sem flutti eldsneytið á stórru kerru og beitti fyrir hana öflugri dráttarvél. Eftir fyrstu brekkurnar á jökli þyngdist færið, mjög mikill nýsnjór var og þoku sló yfir. Afar erfitt var að hemja þunga vélsleðana, hálfu á kafi í snjó hvolfdi þeim trekk í trekk undan vönnum sem óvönnum í hliðarhallanum. Bílarnir sátu fastir til skiptis og jafnvel snjótroðarinn spólaði sig fastan með sinn þunga drátt. En þegar



Tröllslegt var um að litast við Vatnshamar en hlaup kom úr vötnunum í apríl og eru víða sprungur. Ljós. Magnús Tumi Guðmundsson.

komið var að vendipunkti þar sem sveigt er til vesturs í átt að Grímsvötnum birti til og færið var eins og best er á kosið fyrir vélsleðana og hagfellt fyrir bílana líka. Nær allir voru komnir í hús á Grímsfjalli nærri kvöldmatartíma. Veður var kaflaskipt, þræsingur fyrstu dagana en mjög gott þegar leið á vikuna. Í nærri þrjá daga var mest inniseta og vinna við endurbætur mælinga- og fjarskiptabúnað JH og VÍ á Grímsfjalli, mestallur snjór og klaki var hreinsaður af húsum og pöllum, kamar tæmdur og dyttað að sturtubúnaði og fleiru. Á miðvikudag bættust í hópinn 3 starfsmenn Veðurstofu sem komu á vélsleðum um Skálafellsjökul. Leiðangursmenn sinntu margvíslegum verkefnum í þrem til fjórum hópum og var vinnulagið svipað í seinni vikunni.

Þó veður hamlaði vinnu fystu daga leiðangursins og að hluta til um miðbik seinni vikunnar tókst að vinna flest sem til stóð með samstilltu átaki og löngum vinnudögum þá daga sem gaf.

Mestur hluti fyrri hópsins (12 manns) yfirgaf Grímsfjalli í ágætu veðri á laugardagsmorgni 6. júní og flestir komnir að jökulrönd uppúr hádegi. Á meðan fólk var að tygja sig til ferðar á Grímsfjalli laugardaginn 6. júní lagði seinni vaktin af stað úr Reykjavík og ók sem leið lá austur á Borgarhafnarheiði þar sem hóparnir mættust. Skipt var um áhöfn á farartækjum og síðan haldið í Grímsvötn og komið þangað um kvöldmatarleytið. Daginn eftir var ágætt veður og var þá unnið á Bárðarbungu við afkomu- og þyngdarmælingar. Á mánudeginum var suðvestan stormur og haldið kyrru fyrir í skálanum. Veður var aftur þokkalegt á þriðjudag og fór einn hópurinn í Kverkfjöll auk þess sem unnið var kringum Grímsvötn og við Skaftárkatla. Þar gerðist það að sleða var ekið fram af sprungubrún. Slasaðist ökumaðurinn nokkuð og var fluttur til Reykjavíkur með þyrlu en sem betur fer reyndust meiðslin ekki mjög alvarleg. Miðvikudagur og fimmtudagur gengu ágætlega og var þá enn haldið áfram mælingum á Bárðarbungu og í Grímsvötnum. Föstudaginn 12. júní var hægviðri með muggu á Grímsfjalli en síðan birti til. Sleðahópur vann úti á jökli en aðrir gengu frá á fjallinu. Á laugardagsmorgni var vaknað snemma, pakkað í bíla og lokið við að þrifa stóra húsið áður en lagt var stað austur á Skálafellsjökul í björtu og köldu veðri. Rennifæri var og gekk ferðin hratt svo hópurinn náði jökul-



**Herdís og Ísleifur klyfjuð öryggisbúnaði vestast í Grímsvötnum. Ljósmynd. Magnús Tumi Guðmundsson.**

rönd um hádegis. Þá tóku við selflutningar á búnaði og tækjum en milli kl. 16 og 17 var allt klárt og ekið sem leið lá til Reykjavíkur með matarstoppi í Freysnesi.

Í fyrri vikunni var afkoma var mæld á Háubungu, á nokkrum stöðum í og við Grímsvötn og á Bárðarbungu, þar var líka sett upp veðurstöð. Teknir voru tveir ~10m kjarnar í um 1400m hæð á Brúarjökli til greiningar á rykmagni við sumarhvörf. GPS mælingar voru gerðar í Esjufjöllum, Vetti, Saltara og Húsbónða; hugað að jarðskjálftamælum og GPS tækjum VÍ á Vetti, Húsbónða, í Skaftárkötlum, á Tungnaárjökli og GPS tæki og endurvarpa á Bárðarbungu. Gerðar voru mælingar og greining á gasútstreymi á Grímsfjalli, í Grímsvötnum og við jarðhitakatla sem myndast hafa í við Bárðarbungu í umbrotunum; endurnýjuð var mælistöð í Grímsvötnum; snjótroðari og bíll VÍ drógu meiðhýsi LV (Svíta II), eldsneyti og bræðslubor að suðurbarmi eystri Skaftárketils en seinni vikuna vann hópur á vegum Veðurstofunnar að borunum í báða katlana; ísþykkt var mæld með íssjá um alla Bárðarbungu, mælinetið var

sérlega þéttriðið austast þar sem mögulegt er að vatn safnist fyrir, einnig yfir katlana þrjá sem mynduðust SA Bárðarbungu á fyrstu dögum umbrotanna í ágúst 2014 og nokkur snið yfir ketilsigin þrjú neðarlega á Dyngjujökli; íssjármælingar voru endurteknaðar eftir sömu mælisniðum og 2013 um allan eystri Skaftárketil og hluti mælihlína ANA Hamarsins þar sem ketilop myndaðist við jökulhlaup 2011 og einnig hluti mælisniða í Grímsvötnum sem oft hafa verið mæld á undanförunum árum. Í seinni vikunni var endurmælt net 50 þyngdarmælipunkta á og við Bárðarbungu, unnar þar all-viðamiklar afkomumælingar auk 15 m djúprar holu þar sem hiti í hjarninu var mældur, fundinn staður fyrir nýja, fasta GPS stöð í vesturhlíðum Bárðarbungu og vatnshæð jökullóna í Kverkfjöllum mæld. Athygli vakti að brennisteinslykt var í suðurhlíðum Bárðarbungu og virtist gasið koma gegnum jökulinn sem er þarna 200-300 m þykkur.

Nánari grein verður gerð fyrir ferðinni, m.a. með lista yfir þátttakendur, tæki og stuðningsaðila, í næsta hefti Jökuls.

Finnur Pálsson og Magnús Tumi Guðmundsson



## SUMARFERÐ JÖRFÍ 2015

Sumarferð JÖRFÍ 2015 var farin helgina 3.-5. júní í uppsveitir Borgarfjarðar. Enn átti að fara á Okið, eins og tvö síðustu sumur, en nú var ekki hægt að fara vegna ófærðar á Kaldadal og mikilla snjófirninga.

Tjaldað var í Hringsgili nálægt Húsafelli á föstudagssíðdegi. Á laugardeginum var gengið á fjallið Tungu sem er fyrir norðan Húsafell og síðan skoðaði hópurinn ármót Norðlingafljóts og Hvítár. Enginn asi var á fólki enda gott að fara sér hægt í blíðunni og gaman að hlusta á ómældan fróðleik fararstjórans Þorsteins Þorsteinssonar um þessa sveit.

Grill og gaman var um kvöldið.

Á sunnudeginum skoðaði hópurinn hellinn Víðgelmi, eftir það var fólk tilbúið að fara heim. Í ferðinni voru auk fararstjóra 12 manns.

**Sjöfn Sigsteinsdóttir**



**Hluti þátttakenda í sumarferð JÖRFÍ á góðri stundu. Mynd: Finnur Pálsson.**



## FERÐ Í HOLUHRAUN OG Í ÖSKJU 7.-9. ÁGÚST 2015

Þar til í sumar hafði Jökklarannsóknafélagið aðeins einu sinni í 65 ára sögu sinni staðið fyrir skipulagðri ferð norður fyrir Vatnajökul. Það var 1964 þegar farin var hópferð til að kanna framhlaup Brúarjökuls. Veturinn 2014-15 urðu einnig hamfarir norðan Vatnajökuls þegar hraunið mikla rann á Dyngjusandi sunnan Öskju samfara öskjusigi í Bárðarbungu. Að þessu tilefni þótti stjórn félagsins kominn tími til að blása aftur til ferðar norður fyrir Vatnajökul. Var hún farin dagana 7.-9. ágúst. Lagt var upp frá Mývatni á föstudagsmorgni í rútu frá Gísla Rafni. Fyrst var komið við í Herðubreiðarlindum þar sem gist var næturnar tvær, en síðan haldið í Dreka þar sem landverðir tóku vel á móti hópnum. Við fórum næst að nýja hrauninu á Dyngjusandi og í stutta gönguferð um það undir leiðsögn Sigurðar Erlingssonar landvarðar. Einnig var farið að austustu tungu hraunsins. Þar fórum við í bað í ánni góðu sem sprettur undan hrauninu, með tæplega 40 gráðu heitu vatni. Þar er nú besta laug á Íslandi. Daginn eftir gengum við að



Þátttakendur í ágústferðinni lauga sig við Holuhraun. Ljós: Anna Líndal.

Öskjuvatni og var óvanalegt að líta Öskju ennþá hvíta af vetrarsnjó þó komið væri fram í ágúst. Við Öskjuvatn fræddi Tómas Jóhannesson okkur um berghlaupið sem varð 21. júlí í fyrra og flóðbylgjurnar sem þá fóru um vatnið og náðu m.a. yfir rimann við Víti. Um kvöldið var haldin góð grillveisla í Þorsteinsskála í Herðubreiðarlindum. Á sunnudagsmorgninum fórum við að kofa Fjalla-Eyvindar áður en haldið var til byggða. Á Mývatn var komið fyrir kaffi en þar tvístraðist hópurinn og hélt hver sína leið, sumir til síns heima en aðrir bættu við dögum á Norðurlandi.

Í ferðinni var fjölbreyttur og skemmtilegur hópur, en þátttakendur voru 28. Veður var mjög þokkalegt. Gott skyggni var til Herðubreiðar og bjart yfir meðan við gegnum í Öskju. Að sögn landvarða hafði engu slíku verið að heilsa vikum saman fyrir komu okkar. Fólk lagði saman í leiðsögn og margir miðluðu fróðleik um jarðfræði og nýliðna atburði auk frásagna af ferðum um Ódáðahraun að fornu og nýju.

**Magnús Tumi Guðmundsson**

## **GRALLARINN OG KÚNSTIR NÁTTÚRUNNAR**

Á haustfundi JÖRFÍ verða til sölu „Grallarinn“ og „Kúntir náttúrunnar - Aldarslagur Sigurðar Þórarinssonar 1912-2012“. Grallarinn er endurprentuð útgáfa af sönghefti jöklamanna, ásamt nýjum formála og kostar kr. 2.000,-. Kúntirnar eru tveggja diska safn söngva og myndefnis sem tengist Sigurði Þórarinssyni og kostar kr. 4.000,- en frekari upplýsingar eru á vef félagsins: „[http://jorfi.is/?page\\_id=726](http://jorfi.is/?page_id=726)“. Einungis verður hægt að greiða með reiðufé á fundinum.


## **GREIÐSLA FÉLAGSGJALDA**

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda bárust félögum fyrir allnokkru. Þeir sem ekki hafa þegar greitt sinn seðil eru beðnir um að gæta að hvort einn slíkur leynist ekki í netbankanum og gera ráðstafanir þess efnis að hann dveljist þar ekki langdvölum.

## VINNUFERÐIR Á GRÍMSFJALL OG Í JÖKULHEIMA

Farin var vinnuferð á Grímsfjall 28.-31. ágúst og var helgin lengd um einn dag svo að unnt væri að klára að mestu þau verkefni sem fyrir lágu. Það voru 17 manns sem tóku þátt í ferðinni og fór rúmur helmingur heim á sunnudeginum en aðrir urðu eftir til að ljúka síðustu verkefnum. Veðrið var eins og pantað í ferðinni; sól, blíða og logn.

Rafstöðin reyndist vera stopp en henni var komið í gang á ný og gekk hún vel undir álagi frá skálunum, en um leið og Tetrakerfið var ræst þá sauð á vélinni eftir u.þ.b. 13 mín. Lokið var við að skafa alla lausa málingu af húsunum, en því verki tókst ekki að ljúka í vorferð félagsins. Endurkíttað var meðfram listum og í samskeyti á þökum. Húsin voru máluð, bæði með brúnu og gulu. Skipta þurfti um gler í nokkrum gluggum og allir gluggahlerar voru lagaðir ásamt lokubúnaði, en einnig var skipt um hespur á þeim gluggum þar sem þess þurfti. Pallur meðfram húsum var lagaður eins og hægt var og á hann borin pallaolía í bak og fyrir, en pallurinn þarfnast á köflum frekari endursmíðar. Sett var tenging inná stóra skálann þannig að hægt er að hlaða ljósgeyminn með tengingu við bíl með spiltengi. Öll ljós voru yfirfarin og þau lagfærð sem á þurftu að halda.




Við vinnu á Grímsfjalli. Myndir: Úr safni Eiríks Kolbeinssonar.

Í Jökulheima var farið 2.-4. okt. til að þrifa, endurnýja eldsneytisbirgðir, sinna viðhaldi og og koma fyrir nýrri WEBASTO olíu miðstöð. Austurg aflarnir á stóra skálanum í Jökulheimum voru málaðir enda orðnir nokkuð sandblásnir en en austurhliðin á litla (gamla) skálanum var máluð í sumar af tveimur félagsmönnum sem áttu leið um ásamt

mökum. Skipt var um gler í eldhúsglugga í litla skálanum og gluggar voru lakaðir að innan þar sem þörf var á. Í stóra skála var skipt um alla stóla og bætt við leðursófa sem félaginu var gefinn. Ný olímiðstöð var sett upp í stóra skálanum og reyndist hún virka vel en til stendur að setja samskonar miðstöð litla skálann en ekki gafst tími til þess að sinni. Við komuna í Jökulheima reyndist vindrafstöðin ekki vinna sem skildi en í ljós kom að spennustillir var bilaður og því hafði soðið á rafgeymunum. Vegna þessa varð að fara aðra ferð laugardaginn 10. okt. með nýjan spennustilli. Þá var vindrafstöðinni komið í lag og einnig lokið við frágang nýju olíumiðstöðvarinnar í stóra skólanum. Í fyrri Jökulheimaferðinni voru 14 þátttakendur en 7 í þeirri seinni.

### Ragnar Þór Jörgensen



Við vinnu í Jökulheimum og á Grímsfjalli. Myndir: Úr safni Eiríks Kolbeinssonar.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfán Ágústsson